

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 133/418**  
**komudagur 1.12.2006**



**Persónuvernd**

Alþingi  
Heilbrigðis- og trygginganefnd  
150 REYKJAVÍK

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: [postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is)  
veffang: [personuvernd.is](http://personuvernd.is)

Reykjavík, 27. nóvember 2006  
Tilvísun: 2006110668 SMG/--

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála**

Persónuvernd vísar til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 16. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Persónuverndar um tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála, 3. mál.

Í tillögunni er m.a. lagt til að réttur til lífeyrisgreiðslna verði einstaklingsbundinn, þ.e. að tekjutenging verði afnumin. Samkvæmt 2. mgr. 47. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar er maka umsækjanda eða bótaþega skylt að veita upplýsingar um sig ef þær kunna að hafa áhrif á fjárhæð bóta. Því er ljóst að tillaga þessi getur haft áhrif á heimildir stjórnvalda til vinnslu tiltekinna persónuupplýsinga.

Komi til þess að frumvarp verði samið um mál þetta þarf m.a. að huga að breytingum á framangreindu ákvæði. Að öðru leyti gerir Persónuvernd ekki athugasemdir.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Jóhannesdóttir